



Jafnréttisstarf í Menntaskólanum að Laugarvatni skólaárið 2022-2023

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Freyja Rós Haraldsdóttir

Laugarvatni, júní/ágúst 2023



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun ML	2
Jafnlaunakerfi ML	2
Kynjahlutföll í ML.....	2
EKKO	4
Dansað gegn ofbeldi, Vika 6 og sjúk ást	6
Hinsegin.....	7
Hef gátlistinn <i>jafnrétti og kynheilbrigði</i>	Error! Bookmark not defined.
Næsti vetur 2023-2024.....	8

Inngangur

Í vetur gegndi Freyja Rós Haraldsdóttir stöðu verkefnastjóra sem jafnréttisfulltrúi, Jóna Katrín ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og Karen Dögg Bryndísardóttir situr í jafnréttisráði. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar Mímis voru fyrir hluta skólaársins Lingný Lára Lingþórsdóttir og Lilja Dögg Jóhannsdóttir en við stjórnarskipti janúar tóku við Arnfríður Mára Þráinsdóttir og Eydís Lilja Einarsdóttir.



Jafnréttisráð er hópur í Office365 og í skjölum hópsins eru gögn varðveitt og viðhaldið.

Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisráð og jafnréttisnefnd Mímis stóð fyrir á árinu ásamt venjubundinni samantekt á kyngreindri tölfærði og vangaveltum um framhaldið.

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun ML

Jafnréttisstefna ML var yfirfarin í júní 2023 og stendur áfram fyrir sínu. Setja þarf nýja jafnréttisáætlun fyrir 2023-2026 og það verður gert í haust.

Jafnlaunakerfi ML

ML hlaut jafnlaunavottun 2021. Viðhaldsúttekt var framkvæmd 2022 og kerfinu áfram haldið við 2023. Launamunur kynjanna mælist óverulegur innan ML. Innra og ytra mat á jafnlaunakerfi bendir til að markvisst sé unnið að því að auka fagmennsku og gegnsæi þegar kemur að launaröðun og launabreytingum.

Kynjahlutföll í ML



Upplýsingar eru í auknum mæli kyngreindar í [ársskýrslu ML](#). Þar kemur fram að töluverður kynjahalli er í starfslíði Menntaskólans að Laugarvatni. Árið 2022 voru samtals 34 starfsmenn við stofnunina og skiptust kynin þannig að 32% voru kk en 68% kvk. Ekki voru nein sem skilgreindu sig sem annað kyn. Þegar horft er til kynjaskiptingar í kennarahópnum erum við með svipaðar tölur. Af 18 kennurum (í rúmlega 14 stöðugildum) eru 28% kk en 72% kvk.

Þau stórtíðindi urðu að jafn margir strákar og stelpur voru innrituð á fyrsta ár í ML fyrir haustið 2023. Það er mikil bót frá síðast hausti, en þá voru um 27% nýnema á meðan stúlkur voru um 73%, og svipað árið þar á undan (sjá mynd á næstu síðu). Jafnréttisfulltrúi/gæðastjóri lagði sig í vetur fram um að styðja við öflugra íþróttastarf í skólanum með því að vinna með nemendum að stofnun fótboltafélags og körfuboltafélags. Fótboltalið var skráð til leiks í Boladeildinni haustið 2022. Laugdællir voru með lið í 2. deild í körfuboltanum en þátttaka ML-inga var reyndar ekki mikil. Næsta vetur verður boðið upp á körfuboltaval, sem Florijan Jovanov mun kenna. Vonandi gefst nemendum einnig kostur á að taka þátt í keppni, en þau mál eiga eftir að skýrast betur hjá íþróttafélögum á svæðinum. Kynjahlutföllin hafa verið í umræðunni í tengslum við kynningarmál og kom einnig til tals við mótun nýrrar námsskrár (t.d. varðandi nöfn á áföngum). Framkvæmdir standa yfir á nýju námsrými, „brytaíbúðinni“, en þar verður meðal annars gert ráð fyrir aðstöðu til þrívíddarprentunar og



hljóðupptöku. Allt þetta tel ég benda til að við séum að taka einhver skref, og vonandi rétt, í þá átt að sporna við þeim kynjahalla sem hefur verið vaxandi í skólanum síðustu ár.

Haldin er tölfræði yfir kynjahlutföll í stjórninni. Þegar allt er tekið saman frá 2006-2023 hafa setið 121 strákur og 120 stelpur í stjórn. Sé horft til síðustu fimm ára hallar aðeins á strákana, 28 strákar (40%) á móti 42 stelpum (60%) hafa setið í stjórn, en það endurspeglar ágætlega kynjahlutföll í skólanum. Síðust fjögur ár hafa verið strákur og stelpa til skiptis í embætti Stallara.



EKKO

Áfram var unnið að því að þróa EKKO-kerfi ML. Vefsvæðið Góð samskipti á ml.is hélt áfram að taka á sig mynd. Hér má sjá þær verklagsreglur sem eru komnar þar inn:

- ✓ EKKO - áætlun um aðgerðir í ML
- ✓ EKKO - forvarnir í ML
- ✓ EKKO - óformleg og formleg málsmeðferð
- ✓ EKKO - trúnaður, samstarf og tilkynningar

Á vefsvæðinu er einnig samskiptasáttmáli, tilkynningarhappur og hlekkir á úrræði/upplýsingar. Haldin er þjálfunarskrá og skrá yfir EKKO-mál. Unnið er að verklagsreglu um viðurlög vegna brota (þ.m.t. áminningar og brottvísanir).

Fræðsla um samskipti og mörk var töluverð í vetur. Kynjafræðin var á sínum stað og farið var á [málþing kynjafræðinema](#). Unnið var eftir samþættri áætlun í lífsleikni og umsjón. Fyrsti bekkur fór á Dale-Carnegie í forvarnarferð, annar bekkur fékk fræðslu á vegum Kvan og Elfar Þór Bragason, sálfræðingur skólans kom tvisvar á sal fyrir allan skólann. Freyja og Margrét skipulögðu málstofu á degi gegn einelti. Freyja og Jóna Katrín fóru inn í 2. bekk til að ræða um EKKO mál, viðbrögð skólans og viðbrögð nemendanna sjálfra.

Starfsfólk fékk líka fræðslu. Jafnréttisfulltrúi, skólameistari og námsráðgjafi sátu menntafléttunámskeið í vetur; *Kynbundið ofbeldi: Forvarnir og fræðsla*. Þrír fóru á netnámskeið um tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda 6. október, flestir mættu á *Ofbeldisvarnarskólann* með Benediktu Sörensen 9. Nóvember, nokkrar fylgdust með streymi frá jafnréttisdögum HÍ; *Ungmenni og kynferðislegt ofbeldi – Forvarnir og viðbrögð*, tvær hlýddu á fyrirlestur um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna; *Fokk me – fokk you* og fimm fóru á ráðstefnu Stígamóta 10. mars; *Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans*. Þar flutti undirrituð erindið [EKKO-kerfi ML: Heildstæð nálgun, samstarf og forysta](#).



Netnámskeið Barnahúss var gefið út í júní 2023 og var það auglýst meðal starfsfólks ML og öll beðin um að ljúka námskeiðinu og senda staðfestingu þess efnis á skólameistara.

Til stóð að eiga fund með Sigurhæðum, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, en það bíður betri tíma. [Framhaldsskólar á Norðurlandi og Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi hafa undirritað samkomulag um þróun samstarfs fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri](#). Ef til vill eru forsendur fyrir slíku samstarfi hér á suðurlandi. Þá hefur það einnig verið rætt að skipuleggja fund með fulltrúum frá Barnavernd Árborgar til að fræðast betur um þeirra verklag og stilla saman strengi.



Foreldrar nemenda í ML fengu send tvö bréf í vetur með upplýsingum um EKKO-mál, og þau fá að fylgja með hér fyrir neðan.

Kæru foreldrar

Þetta bréf er sent á foreldra og forráðamenn nemenda í Menntaskólanum að Laugarvatni fyrir hönd samskiptaráðs skólans. Við viljum auka umræðuna í öllu skólasamfélaginu um EKKO mál (einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi).

Einelti, áreitni og ofbeldi er því miður hluti af okkar veruleika. Við finnum fyrir því í ML og eigum það sameiginlegt með öðrum framhaldsskólum landsins. Sem dæmi kemur fram í tölfræði frá Stígamótum fyrir síðasta ár að tæplega 70% þeirra sem leituðu til þeirra voru fyrst beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Í skólunum eru ungmenni sem eru þolendur og gerendur og sum eru bæði þolendur og gerendur.

Skólinn ber ábyrgð og unnið hefur verið að því að uppfæra [stefnur, áætlanir og verklag](#). Starfsfólk hefur aukið við þekkingu sína og [forvarnir](#) meðal nemenda verið eflaðar. Við leggjum okkur fram við að vera í góðu samstarfi við fagaðila og höfum til dæmis leitað til barnaverndar, Stígamóta, fagráðs eineltismála, ráðgjafastofunnar Auðnast, ofbeldisvarnarskólans, barna- og fjölskyldustofu og sálfræðings skólans. Hvert mál er einstakt og það þarf að vanda sig við þau skref sem eru tekin hverju sinni. Unnið er eftir leiðarljósunum *trúnaður*, *traust*, *virðing*, *varfærni*, *hæfni* og *hugrekki*. Við viljum gera okkar besta og reynum að læra af því þegar það gengur ekki nógu vel. En ákveðinn vanmáttur er áfram til staðar og það er engin töfralausn til.

Nemendur gegna auðvitað lykilhlutverki þegar kemur að því að bæta samskipti innan skólans. Einelti, áreitni og ofbeldi halda áfram að koma upp svo lengi sem fólk heldur áfram að beita slíku. Þess vegna er nauðsynlegt að temja sér góð samskipti og heilbrigðar leiðir til að takast á við ágreining. Öll berum við ábyrgð á eigin hegðun og líðan. Mikilvægt er að nemendur láti vita, leiti aðstoðar eftir þörfum og þau ættu að finna að brugðist sé við því. Jóna Katrín skólameistari og Freyja jafnréttisfulltrúi fóru inn í 2F í vikunni til að ræða þessi mál. Í viðauka eru glærurnar sem stuðst var við í þeirri umfjöllun. Í janúar verða fleiri bekkir heimsóttir.

Foreldrar upplifa oft reiði og vanmátt, eins og aðrir sem standa nærri þegar upp kemur einelti, áreitni og ofbeldi. Það er ómetanlegt þegar samstarf foreldra og skóla er gott í erfiðum málum.

Foreldrar geta tekið virkan þátt í að græða sárin og enginn kemur í staðinn fyrir þau í því að styðja unga fólkið sitt. Við viljum hvetja foreldra til að ræða þessi mál við sín börn, leiðbeina þeim varðandi rafræn samskipti og áréttu það að stoppa ofbeldisspiralinn – að mæta ekki ofbeldi með ofbeldi. Það getur verið gott að skoða saman [samskiptasáttmála ML](#). Að lokum bendum við á nokkur úrræði:

- Elfar Þór Bragason, sálfræðingur skólans.
- [Heilsugæslan](#) (m.a. starfa þar sálfræðingar og félagsráðgjafar)
- [Stígamót](#) (stuðningur við aðstandendur bæði þolenda og gerenda)
- [Taktu skrefið](#) (úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi)
- [Framhaldsskóli • Stopp ofbeldi! \(namsefni.is\)](#)
- [Fyrir unglinga \(112.is\)](#)

f.h. samskiptaráðs ML

Freyja

Laugarvatni 30. nóvember 2022

Freyja Rós Haraldsdóttir
Kennari, félags- og hugvísindi
Gæðastjóri
Jafnréttisfulltrúi
480 8810 | freyja@ml.is



MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI

manngildi, þekking, atorka

Kæru foreldrar

Á ráðstefnunni Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans, sem Stígamót stóðu að 10. mars síðastliðinn, flutti undirrituð erindið [EKKO-kerfi ML: Heildstæð nálgun, samstarf og forysta](#). Eitt af því sem okkur langar að gera er að auka fræðslu til foreldra. Við viljum því í hjartans einlægni biðja ykkur öll að horfa á eftirfarandi erindi frá ráðstefnunni:

[Eygló Árnadóttir – Sjúkt spjall: Hvað geta skólar lært af ungum brotabólum?](#)
[Þórdís Elva Þorvaldsdóttir: Stafrænt kynferðisofbeldi: Hin fullkomna þöggun?](#)
[Anna Kristín Newton – Hvað vitum við \(ekki\) um ungt fólk sem brýtur á öðrum?](#)

Það er eðlilegt að upplifa **vanmátt** þegar upp kemur kynferðislegt ofbeldi eða grunur um slíkt. Hvort sem við erum aðstandandi, þolandi eða gerandi (eða bæði þolandi og gerandi).

Sýnið **hugrekki** í því að tala um alla erfiðu hlutina og takast á við þá. Aukið **hæfni** ykkar með því að kynna ykkur þessi mál og fá faglega aðstoð, sem víðast og sem oftast! Nýta þau úrræði sem standa til boða.

Við erum saman í þessu.

Freyja Rós Haraldsdóttir
 Kennari, félags- og hugvísindi
 Gæðastjóri
 Jafnréttisfulltrúi
 480 8810/845 0040 | freija@ml.is



**MENNTASKÓLINN
 AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Dansað gegn ofbeldi, Vika 6 og sjúk ást

10. febrúar var dansað gegn ofbeldi. Viðburðurinn byrjaði á húspingi skólameistara, sem hélt tölu um stóru orðin KYNFERÐISLEGT OFBELDI OG ÁREITNI. Hún sagði meðal annars: „...við vitum og við viljum að þið leitið til okkar...“ og talaði um virðingu og mörk. Þar á eftir var gjörmingur þar sem 10 manns (nemendur og starfsfólk) lásu upp setningar á borð við:

„Traust er áunnið – það tekur tíma að byggja upp traust í heilbrigðu sambandi“ og „Þú ert ekki ein/einn/eitt – leitaðu þér hjálpar, við stöndum öll með þér!“. Að lokum var hópdans undir stjórn Margrétar Elínar við lagið Flowers með Miley Cyrus:



„I can love me better baby“

Vika 6 var til umfjöllunar í umsjónartímum. Skólahúsnæði og vistar voru skreytt veggspjöldum Sjúk ást herferðarinnar í mars og skilaboð einnig sett á skólaskjáinn.




Hinsegin

Þriðjudaginn 23. febrúar var leikritið Góðan daginn faggi sett upp í íþróttahúsinu. ML-ingar fjölmenntu á leiksýninguna ásamt nemum úr efstu bekkjum grunnskóla á Laugarvatni og á Borg. Eftir sýninguna var boðið upp á umræður þar sem kom fram að við eigum öll að taka virka afstöðu og vinna markvisst að því að samfélagið verði opið og fordómalaust. Hvert og eitt okkar á rétt á því að vera öruggt, njóta virðingar og samþykkis. Á myndinni eru Hrafninn Jónsdóttir og Sjöfn Lovísa Bahner sem sitja í stjórn Hinseginfélags Yggdrasils:



Haldin var hinseginvika í nóvember og í lok hennar var skipuð ný stjórn hinseginfélagsins. Auk Hrafninnu og Sjöfn Lovísu sitja þar Ásdís Helga Magnúsdóttir og Rannveig Arna Sigurjónsdóttir. Jafnréttisfulltrúi skólans og jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar Mímis starfa náið með félaginu. Þessi hópur fundaði saman 9. mars til að fara yfir lög félagsins, ræða um áskoranir, markmið og aðgerðir. Í framhaldinu var haldið bíókvöld. Félagið heldur úti instagram síðu (sem til stendur að virkja meira) og Teams-hópur er til staðar til að skipuleggja fundi og halda utan um gögn:



15. maí var auglýstur opinn fundur hinseginfélagsins. Stjórnin mætti, ásamt allnokkrum nemendum og tveimur kennurum. Kynnt var bók sem mun liggja í Turninum, tilbúin fyrir hvers kyns hugleiðingar og hugmyndir varðandi hinsegin mál. Ræddar voru hugmyndir að aðgerðum og minnt á hversu mikilvæg og frábær hinsegin-baráttan er! Skólameistari ávarpaði fundinn. Þessi mynd var tekin á útskriftardaginn 26. maí, og eins og sjá má var hvorki meira né minna en tveimur hinsegin-fáum flaggað í tilefni dagsins:



Næsti vetur 2023-2024

Samstarf við stjórn nemendafélagsins í haust mun ef til vill felast í uppfærslu á embættislýsingum og sniðmátum fyrir lokaskýrslur þeirra. Með nýrri stjórn í janúar/febrúar mætti byrja á að setja áætlun fyrir árið þeirra í embætti.

Komið er að endurskoðun jafnréttisáætlunar skólans og það verður forgangsmál í haust.

Áfram verður unnið að þróun EKKO-kerfisins. Leitast verður eftir því að funda bæði með Sigurhæðum, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi og fulltrúum frá barnavernd Árborgar.

Hinseginvika, Vika 6, Sjúk ást og dansað gegn ofbeldi verður allt á sínum stað.

Jafnréttisfulltrúi mun sækjast eftir því að fá boð á skólaráðsfund að hausti og vori. Þá er meðal annars upplagt að yfirfara gátlista Hef fyrir jafnrétti og kynheilbrigði og að vinna að verklagsreglu um tiltal, áminningar og brottvísanir.

*Hugsjónin, forysta, andstaða, togstreita, fræðsla, samræður,
formlegt á eigin forsendum, úthald, heilindi og sátt, samstaða.*